

Sent með tölvupósti á: [skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is)  
Afrit: Sveitafélagið Ölfus

Reykjavík, 25. apríl 2023

## Efni: Matsáætlun Mölunarverksmiðja Þorlákshöfn

Stjórn Landverndar hefur kynnt sér fyrirbyggjandi matsáætlun sem er unnin fyrir HeidelbergCement Pozzolan Materials ehf. (HPM.) Stjórn Landverndar bendir á að áform um Mölunarverksmiðju við Þorlákshöfn varðar tvö önnur verkefni sem sett hafa verið fram áætlanir um og Landvernd hefur þegar gert athugasemdir við. Þar er um að ræða áformaða efnistöku til vinnslu og útflutnings úr Litla Sandfelli og af hafsbotni við Landeyjarhöfn í sama tilgangi fyrir þá starfsemi sem hér liggur frammi áætlun um. Reyndar eru jafnhliða áætlanir um efnistöku úr Lambafelli. Stjórn Landverndar telur það óásættanlegt og og sýni lítinn faglegan metnað að leggja fram þrjár aðskildar áætlanir sem ættu að rúmast innan einnar heildstæðrar matsáætlunar og mats á umhverfisáhrifum.

### Að flytja fjöll.

Hér skal fyrst kalla eftir við Skipulagsstofnun að óskað verði eftir nánari skýringum og kröfu á hendur fyrirtækinu um að útlistað verði með nákvæmari hætti með rökstuðningi af hverju Ísland er álitid vera kostur varðandi jafn gríðarlega umfangsmikla efnisflutninga og vinnslu og um ræðir í áætlun þessari. Fyrsta spurningin sem vaknar er eðli máls tengt áhrifum framkvæmda á umhverfi og náttúru innan þessara svæða sem byggingarframkvæmdir og efnisnám er fyrirhugað. Þá ekki síður að færð verði haldbær rök fyrir því hvernig slíkir efnisflutningar úr íslenskum fjöllum, skipaflutningar og svo gríðarlega umfangsmiklar framkvæmdir við verksmiðju geti raunverulega verið jákvæður valkostur út frá umhverfisjónarmiðum – loftslagi, efnahag og samfélagi. Er raunveruleg ástæða mögulega efnisþurrð í nánum erlendis við sementsgerð eða hefur verið sýnt fram á það með óyggjandi vísindalegum niðurstöðum að íslenskt móberg eða vikur skari langt framúr öðrum efnum til íblöndunar sementsgerðar og þessi þáttur með tilheyrandi framkvæmdaraski og flutningum með miklum losunaráhrifum skipti raunverulegu máli í baráttunni við hlýnun jarðar. Hvar liggja fyrir staðreyndar rannsóknir af hlutlausum aðilum sem geta staðfest fullyrðingar sem koma fram í matsáætlun um hin grænu og loftslagsvænu áhrif þegar allt hefur verið vigtað inn í þessar áætlanir fyrirtækisins? Fullyrðingar sem ekki eru vel rökstuddar af óháðum vísindarannsóknnum er ekki hægt að taka alvarlega.

### 3.1. Markmið og forsendur

Framkvæmdaaðili hyggst draga úr losun gróðurhúsalofttegunda frá notkun á steinsteypu með því að draga úr notkun á sementsklinkers. Í dag er dregið úr noktun á semnetsklinkers með því að nota kolaösku frá kolaorkuverum og þrátt hin gríðarlegu neikvæðu áhrif frá kolaorkuverum þá er þessi úrgangur frá þeim þ.e. kolaaska sem íblöndunarefni í viðkomandi sementsframleiðslu langt í frá fullnýttur. Fullyrt er að móbergið í Litla-Sandfelli og til viðbótar af hafsbotni við Landeyjarsand komi í

stað kolaöskunnar sem íblöndunarefni í sement og muni draga verulega úr losun gróðurhúsalofttegunda. Þessi alhæfing virðist alls ekki standast skoðun því meir en nóg verður til af kolaösku næstu áratugina. Kolaaskan verður því nýtt áfram til íblöndunar með minni umhverfisáhrifum og tilkostnaði en flutningur á fjöllum og námum af hafsbotni frá Íslandi. Staðreyndin er sú að minna en 10% af þeirri kolaösku sem framleidd er í dag er nýtt til íblöndunar sements. Þrátt fyrir að rétt sé eins og fram kemur í matsskýrslu, að Þýskaland og fleiri lönd í Evrópu stefni á að brenna engum kolum árið 2040 þá skal því haldið til haga að 6 lönd í Evrópu hafa ekki enn sett sér markmið um lokun á kolaverum og þá eru önnur lönd og heimsálfur ótalin. Kolaaska verður því áfram til staðar á markaðnum í miklu magni. Það getur því ekki talist loftslagsvæn aðgerð að ráðast í slíka og stórtæka efnisflutninga yfir hafið með þá staðreynd að íblöndunarefni eru þegar til staðar og það margfalt nær væntanlegum kaupendum á meginlandi Evrópu en hin íslensku fjöll. Auk þess hlýtur að aukast kröfur um að hinum mengandi kolaverum verði gert skylt að taka þátt í loftslagsbaráttunni með þá lágmarkskröfu að endurnýta amk alla þá kolaösku sem fellur til sem íblöndunarefni við sementsgerð eða aðra þá starfsemi sem kyndir undir hringrásarhugsun. Stjórn Landverndar telur því að Skipulagsstofnun þurfi að yfirfara útreikninga í matsskýrslu og alhæfingar þar um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda af framkvæmdinni.

Mikilvægasta aðgerðin til að draga úr losun frá steinsteypu í byggingum er að hanna og byggja með efnum sem valda sem minnstri losun og endurnýta þær byggingar sem fyrir eru. Margar nýjar lausnir eru við sjóndeildarhringinn þegar kemur að kolefnishlutlausum byggingum<sup>5</sup>. Með tilliti til þess að móbergsefnið getur ekki komið í stað sementsklinkers, aðeins dregið úr notkun þeirra, og að nóg verður til af kolaösku í Evrópu á næstu áratugum þá er engin umhverfisávinningur af verkefninu nema síður sé og því ekki hægt að réttlæta jafn gríðarlega mikla efnistöku og flutning á fjöllum úr landi.

### 3.1.1. Staðhættir og landnotkun

Fyrir liggur sem fram kemur í matsáætlun að einkenni svæða í grennd við Þorlákshöfn eru nútímahraun. Gróðurfar á báðum svæðum er sagt einsleitt og vistgerðir á þessum svæðum hafi miðlungs til lágt verndargildi. Atvinna á svæðinu tengist mest hafnarstarfsemi en einnig er mikið um ferðaþjónustu og iðnaðarstarfsemi. Framkvæmdasvæði verkefnisins er á iðnaðar- eða athafnasvæði.

Það sem höfundar matsáætlunar hafa látið hjá líða að nefna til sögunnar er að það framkvæmdasvæði valkosta sem stendur á nútímahrauni nýtur sérstakrar verndar skv. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Þar segir **”að ríkir samfélagslegir hagsmunir þurfi að liggja til grundvallar ef raska á nútímahraunum.”** Ekki verður séð að fyrirhugaðar framkvæmdir kalli á brýna samfélagslega hagsmuni sem réttlæta rask á þeim nútímahraunum sem áætlanir eru um að raska sbr. valkost 2 í matsáætlun. Þá segir að fyrirhugað framkvæmdasvæði séu ekki við eða nálægt náttúruverndarsvæðum öðrum en nútímahraunum og að uppbygging á svæðinu sé ekki talin hafa áhrif á náttúruverndarsvæði sem skilgreind eru í greinagerð núgildandi Aðalskipulags Ölfuss 2020- 2036. Hér er augljóslega um tilraun að ræða til að skrifa sig frá þeirri staðreynd sem náttúruverndarlögin kveða á um. Aðalskipulagi Ölfuss breytir engum um stöðu eða verndargildi nútímahrauna. Þar ber að fara að lögum.

### 3.2. Nýting á vatni - leyfisveitingar og rannsóknir

Sérstök ástæða er til að árétta mikilvægi þess að Orkustofnun láti fara fram heildsstæðar rannsóknir vegna áformaðrar vatnstöku vegna mölunarverksmiðjunnar. Það að taka 93.sek.lítra af nærsvæði er gríðarlega mikið vatnsmagn sem ætla má að þurfi að leita uppi töluvert utan þess svæðis sem um ræðir vegna áformaðrar starfsemi. Orkustofnun hlýtur að horfa heildrænt á vatnsforða svæðisins og núverandi vatnslindir í tengslum við væntanlegt upptökusvæði sem mögulegan áhrifavald á aðrar vatnslindir sem annaðhvort eru til staðar eða eru fyrirhugaðar vegna annarrar starfsemi sem ætla má að geti haft áhrif á vatnsbúskap til framtíðar. Vænta má miðað við magntölur að það kunni að vera mikil áskorun að finna jafn mikið vatn og er tilgreint í matsáætlun án þess að það skerði möguleika annarra vatnslinda og starfsemi í framtíðinni. Þá er einnig nauðsynlegt að skoða þessa miklu vatnsnotkun í samhengi við aðra fyrirhugaða starfsemi í Ölfusi eins og landeldi á laxi og möguleg fjaráhrif af CODA terminal og landeldi á Reykjanesi.

### 3.3. Helstu framkvæmdaþættir og einkenni þeirra.

Í töflu 3.1. Framkvæmdaþættir valkosta vekja sérstaka athygli meðal annars vegna þrengsla á lóð merkt valkostur 1 en þar muni mannvirki / síló þurfa að vera hærra en ella vegna þrengslanna. Ekki þarf að fjölyrða að einmitt vegna staðsetningar við valkost 1 þá liggur fyrir að ásýndaráhrif verða mun neikvæðari þar vegna nálægðar við þéttbýlið í Þorlákshöfn.

### 3.3.1. Mannvirki mölunarverksmiðju

Í þessum kafla eru margir mjög stórir útfærðir þættir á reiki. Gróf hönnun bygginga liggur m.a. ekki fyrir og hæðartölur mjög á reiki en það sem ekki síður skiptir máli þá liggja heldur ekki fyrir hvort flytja eigi efni frá námu í verksmiðju með vöruflutningarbilum eða með færibaldi.

Hvað varðar flutning með færiböndum liggur heldur engin útfærsla eða tillögur fyrir um lagnaleið slíks færibands eða frágangs á þeim. Ef færibönd verði valkostur má ráð fyrir að útilokað sé annað vegna fokefnis en að slíkur flutningsmáti kalli á margvíslegar áskoranir m.a. yfirbyggt færiband vegna rokgjarna efna.

Ekki liggja fyrir meðfylgjandi teikningar af þessum þætti og eða sementskvörn sem á að framleiða allt að 1 milljón tonna á ári og allt að 10 sementsló sem eiga að rúma 4 þúsund tonn hvert. Þá segir að hæsti punktur mannvirkja ráðist af þeirri framleiðslutækni sem verður fyrir valinu og má undrum sæta að slíkar áætlanir skuli ekki liggja fyrir. Þá hljómar meintur vilji fyrirtækisins fremur hjákátlega að ætlun sé að sýna fram á minna "fótspor" með því að reisa viðkomandi byggingar hærra til að minnka ummál. Satt best að segja getur þessi meinti vilji til að draga úr fótspori / sótspori ekki hljómað trúverðuglega þegar horft er til umfangs framkvæmda og framleiðslu í heild sinni.

### 3.3.2. Hafnargerð

Í töflu.3.1. kemur fram að ekki eru bornir saman valkostir 1 og 2 er varðar sótspor. Einmitt í þessum efnum er munurinn á milli valkosta svo mikill að segja má að brýn nauðsyn kalli á að framkvæmdaðili leggi fram þann mikla mun sem í þessum tveimur verkefnum eru falinn.

Magntölurnar einar og sér við valkost 2 ættu að hafa gefið viðkomandi framkvæmdaaðila ríkulegt tilefni til að meta umfang af sótspori milli valkosta. Það er gríðarlegur munur á framkvæmd 15 – 20 þús. rúmmetra efnisflutninga og hinsvegar 1 milljón rúmmetrar sbr. valkost 2. Mikilvægt er að Skipulagsstofnun geri ríka kröfu á að þessum útreikningum verði gerð nákvæm skil með samanburði valkosta enda mætti ætla af áhuga viðkomandi fyrirtækis að standa grænu vaktina að taka sjálfa sig alvarlega þegar jafn mikið er undir í sótspori fyrirtækisins.

#### 3.3.2.1. Setlón og frárennsli

Hér segir að til séu nokkrar tæknilausnir varðandi starfsemi eða útfærslu setlóna.

Betur hefði farið á því að þessum stóra einstaka áhrifaþætti hefði verið gerð nánari skil í þessari áætlun í stað þess að vísa öllu umfangi vegna þessa til umhverfismatskýrslu.

Mikilvægt er að gerðar verði mjög ríkar kröfur vegna útfærslna á setlónum til að útiloka megi slys og forðast skemmdir á náttúru.

### 3.4. Tengdar framkvæmdir

Fram kemur að hráefni til mölunarverksmiðju komi frá amk þremur námum þ.e. Litla Sandfelli, Lambafelli og svo af hafsbótnei í nágrenni Landeyjarhafnar. Jafnframt er unnið að umsóknum um nýtingarleyfi. Landvernd hefur fengið endurteknar ábendingar og fyrirspurnir frá eigendum náma í Sandfelli og Lambafelli þ.e. frá Sjöundaadventistum þar sem þeir hafa lýst áhyggjum af óeðlilegum viðskiptaháttum óskyldra aðila sem hafa að þeirra mati með vafasömum hætti unnið að gerð samninga við fulltrúa Heidelberg um þær námur sem eru að hluta í eigu safnaðarins. Tekið skal fram að Landvernd hefur engar forsendur til að taka afstöðu til þessa máls, en telur mikilvægt að því sé fylgt eftir að viðkomandi fyrirtæki Heidelberg hafi staðið með réttmætum hætti að samningum við þá landeigendur sem telja viðkomandi fyrirtæki hafa brotið á rétti sínum til tekna vegna efnis úr viðkomandi námum.

Þá er undir þessum sama lið fjallað um styrkingu orkuinnviða. Fram kemur að styrkja þurfi flutningslínur og er vísað sem áður að sú vinna verði öll lögð fram í umhverfismatskýrslu – enn og aftur eru því útlístanir í þessari matskýrslu svo óskýrar að ekki eru forsendur til staðar til að leggja nánara mat á. Gera verður ráð fyrir að kröfum um meinta orkuinnviði verði gerð sérstök skil ásamt þeim umhverfisáhrifum og kostnaði sem af því kann að leiða.

### 4.3. Umhverfisþættir

Landvernd leggst alfarið gegn því að fyrirtækið ætli að láta undir höfuð leggjast að láta fara fram sérstakt umhverfismat varðandi neðangreinda matsþætti. Í matskýrslu segir að viðkomandi þættir verði ekki skoðaðir frekar þar sem áhrif eru talin engin eða óveruleg.

- Hljóðvist- og mengun
- Gróðurfar
- Fuglalíf.

Í fyrsta lagi hefur fyrirtækið engar haldbærar forsendur til að slá viðkomandi matsþætti út af borðinu. Hljóðvist og mengunarhætta getur í raun ekki annað en verið einn af stórum þáttum slíks verkefnis þar sem umferð stórra og hávaðrasamra tækja verða jafn áberandi og ásamt því að öll tæki og tól eru keyrð á jarðefnaeldsneyti. Fyrirtækinu hlýtur að vera gert að vinna m.a. Öryggisáætlun er varðar mengunarvarnir og viðbúnað vegna þess í svo stóru verkefni. Þegar kemur að gróðurfari - þá liggur fyrir að vistgerðarkort NÍ lýsir aðeins með grófum hætti vistgerðum á svæðinu, í ljósi mikilla umbreytinga á gróðurfari á allra síðustu árum eru sérstakar gróðurfarsrannsóknir gríðarlega mikilvægar á öllu áhrifasvæði framkvæmdar. Að síðustu er fullkomlega fráleitt að ætla að sniðganga fuglarannsóknir á þessu svæði. Þær lauslegu upplýsingar sem liggja fyrir um fuglalíf á öllu framkvæmdasvæðinu eru af alltof skornum skammti til að leggja fram við framkvæmd þessa. Það er því með öllu útilokað að hægt sé að fallast á að fyrirtækið reyni að koma í veg fyrir eðlilegar grunnrannsóknir tengdum þessum áformum.

### 5.1. Ásýnd

Ásýndaráhrif vegna Mölunarverksmiðju eru einn af allra stærstu áhrifaþáttum þessa verkefnis og því mikilvægt að allir þættir verkefnisins verði skoðaðir mjög ígrundað vegna þessa þáttar ekki síst með tilliti til samfélagsins í þéttbýli Þorlákshafnar, ásamt ýmsum áhrifaþáttum eins og útivist og afþreyingu.

#### 5.1.3. Áætlun um mat á umhverfisáhrifum

Uppbygging á mölunarverksmiðju við Þorlákshöfn mun að óbreyttu hafa mjög mikil áhrif á ásýnd. Ef framkvæmd megin verksmiðjustarfsemin yrði á nærsvæði núverandi hafnar og íbúðabyggðar munu ásýndaráhrifin og önnur upplifunar og umhverfisáhrif hafa mikil og neikvæð áhrif á nærsamfélagið í Þorlákshöfn, auk þess sem að útivist og afþreyingarsvæði verða fyrir neikvæðum áhrifum. Mikilvægt er því að unnið verði af hlutlausum aðila vandaðar ásýndarmyndir og kort með viðurkenndum aðferðum frá þeim svæðum sem ætla má að hafi mest og neikvæðust ásýndaráhrif. Gera verður kröfu á að hæðir, útlit og litir bygginga verði í samræmi. Hætta er á að ímynd sveitarfélagsins muni bíða hnekki vegna slíkrar stóriðju í bakgarðinum og því gríðarlega mikilvægt að íbúar hafi skýra mynd af umfanginu öllu.

Við valkostagreiningu þeirra tveggja svæða sem lögð eru til grundvallar fyrir framkvæmdir vill Landvernd gera alvarlegar athugasemdir við mikla ónákvæmni í matsáætlun þar sem hvorutveggja hæð mannvirkja og eða útlit eru að því er virðist óútfærð. Í þeim efnum er látið þó

að því liggja að afmarkaðir stórir þættir eigi að vinna einangrað með sveitarfélaginu án þess að nánar sé kveðið á um í hvaða ferli þetta nánara samráð við sveitarfélagið á að vera fólgið. Skipulagsstofnun verður því á þessu stigi áætlunar að gera ríkari kröfu á fyrirtækið en svo að þeir sleppi við að gera grein fyrir jafnvel þeim stærstu álitamálum sem hafa verið í umræðunni. Ekki er því hægt annað en að lýsa furðu að sett skuli fram áætlun um jafn gríðarlega stór áform í matsáætlun þar sem þeim sem vilja kynna sér helstu stærðir geta í raun ekki ekki fengið að sjá nema grófa og óáreiðanlega mynd af þeim áætlunum sem uppi eru um helstu stærðir sem eru líklegastar að valda ágreiningi.

Ljóst er þó að miðað við upphafleg áform og kynningar fulltrúa fyrirtækisins á sérstökum íbúafundi í Þorlákshöfn um allt að 50 – 60 m háa turna og byggingar þá liggur það fyrir að slíkar grófiðnaðarbyggingar munu setja mjög neikvæða mynd á bæinn sbr. sem fram hefur komið í mótmælum íbúa og margvíslegrar fjölmiðlaumfjöllunar. Mótmæli íbúa hafa ekki einvörðungu snúið að ásýnd og upplifun af áformaðari Mölunarverksmiðju heldur einnig þá gríðarlegu umferð þungaflutningabíla og tækja sem fara munu um svæðið og með því skapa mikið álag á vegakerfið og umferðaröryggi sem ítrekað hefur einnig verið komið á framfæri. Í þessari matsáætlun er lítið fjallað um umferð þungaflutninga en sé lítið til fyrri svara fyrirtækisins vegna flutninga frá námum úr Litla Sandfelli leyfa fulltrúar fyrirtækisins sér að gera lítið úr áhyggjum íbúa á svæðinu þrátt fyrir endurteknar athugasemdir sem hafa verið meðal annars verið til umfjöllunar í fjölmiðlum eins og áður hefur verið nefnt. <https://www.visir.is/g/20222299481d-https://kjarninn.is/frettir/setja-spurningamerki-vid-ad-fjarlaegja-fjall-i-heilu-lagi-ur-islenskri-natturu/>

Í matsáætlun (Samfélag kafli 5.4.) kemur fram eftirfarandi texti "Á framkvæmdatíma má búast við ónæði vegna framkvæmda. Fjallað verður um hvernig uppbyggingu verður háttað og möguleg tímabundin samfélagsleg áhrif þess."

Um leið og Landvernd gerir sér grein fyrir að framkvæmdir við hafnargerð muni skapa aukreitis álag á framkvæmdatíma verður ekki lítið fram hjá að starfsemi Mölunarverksmiðjunnar er ekki ætlað tímabundið hlutverk. Með öðrum orðum er vandséð hvernig rekstur verksmiðjunnar eigi að fara fram í bakgarði þéttbýlisins í Þorlákshöfn án þess að ónæði verði af. Fram kemur hjá fjölda íbúa í Þorlákshöfn og fulltrúa í minnihluta í sveitarstjórn að almennum sjónarmiðum um virkt íbúalýðræði hafi ekki verið sinnt af sveitarfélaginu við undirbúning þessa verkefnis og tengdra. Ef marka má umræður er verið að marka nýja stefnu um mjög grófa atvinnustefna í sveitarfélaginu þvert á hugmyndir og vilja stórs hluta íbúa sem vísa til umhverfisvænni stefnu sem unnið hafi verið með af hálfu sveitarfélagsins áður. Sú sjálfbæra stefna átti að byggja á hreinlegri vistvænni starfsemi á borð við matvælaframleiðslu og fl. sem væri til þess fallin að bæta ímynd sveitarfélagsins.

Valkostur 2 með staðsetningu verksmiðjulóðar við Keflavík sem fram kemur í matsáætlun er framkvæmd af slíkri stærðargráðu að leiða má líkum að því að sá kostur sé raunverulega settur fram til að sýna ómöguleikann svo valkostur 1 verði frekar valinn. Valkostur 2 mun að óbreyttu kalla á gríðarlega efnisflutninga með tilheyrandi umhverfis- og náttúruspjöllum.

Því miður verður þó að áréttu að framsetning og upplýsingar um áform eru svo mikið á reiki hjá framkvæmdaaðilum eins og áður segir, ekki síst við valkost 2 að varla er með marktækum hætti hægt að gera sér grein fyrir umfanginu til að leggja til hvaða matsþættir það eru sem þarf að taka helst til skoðunar. Það er ámælisvert að fyrirtækið skuli ekki sjá sér fært á þessu stigi kynningar að nefna til sögunnar helstu stærðir, sbr. útlit og hæð mannvirkja – nánari skýringar og teikningar. Þá er öll umfjöllun um svokölluð setlón mjög óskýr og þá hvaða aðferð fyrirtækið hyggst beita við notkun á þeim, teikningar eða uppdrættir heldur ekki til staðar þar svo átta



megi sig á umfanginu og á hvaða þætti þar þarf að leggja nánara mat. Svo virðist sem að forsvarsmenn verkefnisins hafi ekki tilskylda þekkingu til að skýra nánar hvernig setlón af þessu tagi skuli byggð upp. Niðurstaða Landverndar er því að byggingarmagn og stærðir allar eru settar fram með svo mikilli ónákvæmni að skipulagsstofnun hlýtur að gera kröfu á fyrirtækið að leggja fram nýja matsáætlun svo þeir sem vilja kynna sér á þessu stigi máls geti séð nánar um hvaða raunverulegu stærðir er um að ræða, svo hægt sé með meiri nákvæmni að gera sér grein fyrir að hverju fyrirtækið raunverulega stefnir.

### 5.8.2 - 3. Gróðurfar og fuglalíf

Að mati sérfræðinga sjá tilgreinda hér undir texta telja þeir að matsáætlunin skauti í raun mjög létt yfir gróðurfar og fuglalíf og telja léttvægt farið með í matsáætlun og hún sé reist á mjög hæpnum fosendum í þessum efnum. „Ekki er reiknað með neinum athugunum. Sérstaklega er þetta hæpið fyrir valkost 2. Það þarf að kanna fuglalíf í Hafnarbergi, sérstaklega ef ætlunin er að byggja höfn í Keflavík. Á árunum 1987-1992 var útbreiðsla varpfugla könnuð á SV-landi og þá kom í ljós að eftirfarandi tegundir urpu eða höfðu orpið í Hafnarbergi: fýll, toppskarfur, rita, langvía, álka, teista og lundi. Flestar eru þessar tegundir á valista<sup>1</sup>. Því er full ástæða til að kanna Hafnarberg nú, bæði vegna þessarar framkvæmdar, sem og annarra framkvæmda á bergbrúninni. Í matskýrslu fyrir landeldi var einnig fullkomlega skautað fram hjá þessum þætti í lífríkinu.

Skoða þarf flóru og gróður með tilliti til sjaldgæfra tegunda. Þó vistgerðarkort Náttúrufræðistofnunnar segi svæðið vera eyðihraunavist með lágt verndargildi, er ekki útilokað að þar vaxi sjaldgæfar tegundir, sérstaklega vegna nálægðar við sjó.

Mjög mikilvægt er að meta allar framkvæmdir kringum Þorlákshöfn í samhengi ekki síst þar sem sett hefur verið upp lóðaskipulag á athafna og iðnaðarsvæðum. Allar lóðirnar meðfram ströndinni vestur af bænum er ekki hægt að meta með bútasamsaðferðum þegar verið er að meta vistgerðir og lífríki. Svæðið verður að meta heildstætt en ekki með því að tína út eina og eina lóð og meta sér.“

### Jarðmyndanir

Litla-Sandfell og Lambafell er umvafið nútímahrauni sem nýtur verndar 61. greinar náttúruverndarlaga og í þessu tilviki á hið sama við um framkvæmdasvæðið áformaða ofan við Keflavík, valkostur 2. Við framkvæmdina verður óhjákvæmilega rask á hrauninu vegna vinnuáðstöðu og vega. Skv. Ákvæðum náttúruverndarlaga má ekki raska nútímahrauni nema brýnir samfélagslegir hafsmunir séu undir. Ekki eru áætlaðar neinar aðgerðir til að tryggja það að hraunið spillist ekki og áhrifin varða því veruleg og náttúruverndarlög brotin að óbreyttu. Fyrir liggur að fyrirtækinu er

<sup>1</sup> Kristinn Haukur Skarphéðinsson, Gunnlaugur Pétursson & Jóhann Óli Hilmarsson 1994. Útbreiðsla varpfugla á Suðvesturlandi. Fjölrit Náttúrufræðistofnunnar nr. 25

Óheimilt að framkvæma á svæðinu ofan við Keflavík á grunni verndarskilmála vegna nútímahrauns.

### **Umhverfisáhrif – landslag og ásýnd**

Gríðarleg áhrif verða á landslag og ásýnd og þar með á útivist og ferðaþjónustu. Mikil og mjög sýnileg atvinnustarfsemi á svæði þar sem áður var engin starfsemi hefur umtalsverð áhrif. Gögn sem lögð eru til grundvallar eru eingöngu skýrsla verkfræðistofu og ljósmyndir, en frekari gagna þarf að afla fyrir svo stórtækt inngríp í íslenska náttúru. Að fjarlægja heilt fjall úr íslenskri náttúru er alvarleg röskun á landslagi og mikil ásýndartruflun og varanleg, við það bætast neikvæð áhrif ef spilla á nútímahrauni við strandlengjuna.

Stjórn Landverndar hafnar því alveg, af ástæðum sem að ofan eru taldar, að áhrif á landslag og ásýnd verði lítil. Allar horfur eru á að þau verði umtalsverð og veruleg neikvæð.

### **Umhverfisáhrif – umferð**

Það vantar nauðsynlegar upplýsingar um svifryksmengun frá akstri vörubíla allan sólarhringinn innan framkvæmdasvæðis sem og ekki síður utan þess. Svifryksmengun vegna slits á vegum er margfalt meiri vegna svo þungra bíla samanborið við fólksbíla og því eru áhrifin miklu mun meiri heldur en hlutfall af núverandi umferð segir til um. Þungaflutningar allan sólarhringinn 300 daga ársins eru mjög íþyngjandi fyrir vegakerfið og innviði svæðisins. Ekki er hægt að miða við fjölda ökutækja því áhrif þungaflutninga á vegakerfið og mengun svo stórra ökutækja er í samanburði verri í veldisvesti. Þannig getur einn flutningabíll með fullan farm valdið sliti á við 9.000 fólksbíla<sup>6</sup>. Hér skortir verulega á raunsanna umfjöllun í matskýrslu.

### **Umhverfisáhrif – hljóðvist**

Vinna stórra ökutækja innan framkvæmdasvæðis og utan verður mikil. Framkvæmdaaðili hefur ekki hugsað sér að gera neinar ráðstafanir vegna þessa sem sætir furðu.

---

### **Umhverfisáhrif - loftgæði**

Hér vantar alla umfjöllun um svifryksmengun af umferð flutningabíla en sú mengun verður að óbreyttu veruleg. Slit á vegum vegna hvers þungaflutningabíls er á við 9.000 fólksbíla. Þá er rétt að geta þess að áætlað hefur verið að um 80 manns látist árlega á landi vegna svifryksmengunar og helsta uppspretta þess er umferð. Við framkvæmdir kringum uppbyggingu verksmiðju af þessari stærðargráðu liggur fyrir að umferð verður mjög mikil óháð efnisflutningum svo í verksmiðjuna sjálfa þegar þar að kemur.

Mótvægisáðgerðir vegna þessa eru ekki tilgreindar. Stjórn Landverndar telur að áhrif á loftgæði af framkvæmdinni séu það neikvæð að ekki sé hægt að samþykka hana.

### **Umhverfisáhrif – útivist og ferðamennska**



Í þessum kafla er ekki fjallað um áhrif á útivist, eingöngu um ferðamennsku. Gert er ráð fyrir því að það skipti mestu máli hversu mikill fjöldi hefur möguleika á að sjá viðkomandi náttúru en það er rangt. Matið snýst um áhrifin á núverandi útivist og ferðamennsku, ekki fjölda ferðamanna.

Áhrifin verða mjög neikvæð á útivist en umfjöllun skortir um það. Hér er um að ræða svæði sem nýtt er til gönguferða allan ársins hring og umferð vegna framkvæmda og þungaflutninga munu hafa verulega neikvæð áhrif.

Hér verður að gera kröfu á framkvæmdaraðila um mótvægisáðgerðir og gera kröfu um að hann fjalli ítarlega um áhrif á útivist en ekki bara ferðapjónustu. Þó útivist og ferðapjónusta séu tengd og neikvæð áhrif á útivist hafi neikvæð áhrif á ferðapjónustu er ekki um sama hlut að ræða.

Stjórn Landverndar telur að áhrif á útivist og ferðapjónustu vegna framkvæmdarinnar hljóti að teljast verulega neikvæð.

### Lokaorð

Stjórn Landverndar telur að ávinningurinn af þessari framkvæmd sé mjög lítill amk. næstu áratugina og sé lítið til allra samfélagsþáttu eru áhrif framkvæmdarinnar líklega mjög neikvæð. Gagnlegt væri að fá hlutlæga nytja- og kostnaðargreiningu þar sem allt er talið til.

Skipulagsstofnun ætti að senda þessa matsáætlun aftur til framkvæmdaáðila og krefja hann um að leggja fram nýja matsáætlun sem gerir betur grein fyrir umfangi framkvæmda svo hægt sé að leggja nánara mat á hvert fyrirtækið er í raun að stefna. Landvernd hafnar því með öllu þeim áætlunum sem settar eru fram í þessari matsáætlun.

*Með vinsemd og virðingu,*

*fh. stjórnar Landverndar*

Auður Önnu Magnúsdóttir, framkvæmdastjóri

